



**YFIRLÝSING**  
**Stefán Thordersen**

Ásríður Gísladóttir hrl.  
Guðni Bergsson hdl.  
Guðrún Helga Brynleifsdóttir hrl.  
Jóhannes Albert Sævarsson hrl.  
Ólafur Garðarsson hrl.  
Steinar Þór Guðgeirsson hrl.  
Sveinn Andri Sveinsson hrl.  
Tómas Jónsson hrl.  
Lárentínus Kristjánsson hrl.  
Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.

Í kjölfar dóms Héraðsdóms Reykjaness, þann 9. febrúar sl., í máli nr. E-1383/2010, hafa fjölmiðlar margítrekað fjallað á óvæginn hátt um málefni umbjóðanda míns, Stefáns Thordersen. Umfjöllunin hefur verið mjög einhliða svo ekki sé fastar að orði kveðið og hefur ítrekað verið fullyrt í fjölmiðlum að Stefán hafi verið dæmdur fyrir kynferðisbrot eða að hann sé dæmdur kynferðisbrotamaður. Dómstóll götunnar hefur síðan étið upp óvandaða umfjöllun fjölmiðla og komist að þeirri niðurstaða að Stefán sé sekur og dæmt hann til vistar í gapastokknum án möguleika á náðun.

Allt sem kom fram um meinta kynferðislega áreitni í dómi Héraðsdóms Reykjaness er algjörlega ósannað og byggt á einhliða aðilaskýrslu stefnanda málsins sem átti fjárhagslegara hagsmuna að gæta í málinu. Stefán hefur alfarið hafnað því að þessir atburðir hafi gerst með þeim hætti sem lýst er í dómi héraðsdóms. Það eina sem Stefán segist hafa sér til sakar unnið er að hafa í umrætt sinn farið nakinn í heitan pott. Eftir atvikum var það dómgreindarleysi hjá Stefáni. Honum var hins vegar ekki gefinn kostur á því að greina frá þessu við aðalmeðferð málsins í héraðsdómi. Ástæðan er sú að hér var um einkamál má að ræða sem Stefán átti enga aðild að og það vildi enginn hlusta. Það sama á við samstarfsmann Stefáns sem var vitni að atvikum. Engum datt í hug að kalla hann fyrir héraðsdóm til þess að upplýsa um málsatvik. Samt er það eitthvað svo augljóst. Að sjálfsögðu átti vitnið að gefa skýrslu. Það hefði upplýst málið.

Í staðinn er Stefán að ósekju úthrópaður kynferðisbrotamaður í fjölmiðlum og af dómstóli götunnar. Það er mál að linni.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 660 4242.

Reykjavík, 8. mars 2011,  
Virðingarfyllst,  
f.h. Stefáns Thordersen,

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

